

1863.

1. septbrm.

í Mýra sýslu, en þó svo, að Fellstrandar hreppur skyldi borga greindum hrepp helming þess fjár, sem lagt væri þeim til uppeldis og foreldrar þeirra eigi gætu af hendi látið.

Af skýrslum þeim, sem fram eru komnar í málinu, verður ráðið, að Kristbjörg Níelsdóttir var sveitlæg í fæðingarhrepp sínum, Fellstrandar hrepp, áður en hún seinna meir giptist Knúti Guðmundssyni, að Knútur maður hennar er sveitlægur í Borgar hrepp, og að þau voru gefin saman í hjónaband í bága við það, sem fyrir er skipað í tilsk. 30. aprílm. 1824, 3. gr., 10. tölul., með því óskilgetnum börnum Kristbjargar, þeim er áður er getið og hún hafði átt áður en hún giptist, hafði verið lagt af sveit þeim til uppeldis, og sá sveitarstyrkur eigi verið endurgoldinn, og eigi heldur verið fengið samþykki til hjónabandsins frá þeim hrepp, þarsem Knútur var sveitlægur, né slíks samþykkis verið leitað.

Jafnvel þó hjónaband þetta þannig hafi verið stofnað mót lögum, verður dómsmálastjórnin í líking við það, sem ákveðið er um áþekkt málefni í bréfi stjórnarráðsins frá 28. febrúarm. f. á. til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu á Íslandi, því er þér til vitnið, eigi að síður að álíta, að ekki sé heimild í lögum til að skylda þá sveit, þar sem konan áður átti framfærslurétt, til að borga að hennar leyti tillag til mannsins framfærslusveitar, sem við hjónabandið einnig er orðin framfærsluhreppur konunnar og barna hennar; þess vegna getur einungis orðið umtalsmál að láta hinn síðarnefnda hreppinn leita skaðabóta hjá þeim, er þann hlut eiga að máli, að þeim verður um það kennt, að hjónabandið var stofnað móti lögum.

Þetta er yður hérmeð kunngjört til eptirbreytni, og til þess að þér gjörðið þær ráðstafanir, sem þörf er á. 4 fylgiskjöl eru með bréfi þessu.

2. septbrm. 67. Bréf dómsmálastjórnarinnar til H. Krabbe, doctor medicinæ, um styrk til að ferðast á Íslandi til að rannsaka sullaveikina.

Eptir því, sem þér hafið um beðið í bréfi til dómsmála-

stjórnarinnar, dags. 18. júlím. þ. á., hefir stjórnarráðið veitt yður 200 ríkisdali í viðbót við þá 500 rdl., sem það með bréfi 30. aprílmán. þ. á. veitti yður, sem styrk til að ferðast á yfirstandanda ári til Íslands, til að rannsaka sullaveiki þá, er þar gengur. 1863.
2. septbrm.

Um leið og þetta er kunngjört yður skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið boðið að greiða yður þessa 200 rdl. úr jarðabókarsjóðnum.

68. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um bænarskrá héraðslæknis um húsaleigustyrk. 2. septbrm.

Útaf bænarskrá, er stjórnarráðið fekk með álitsskjali yðar, herra amtmaður, dagsettu 10. maím. þ. á., frá Jósep Skaptasyni, héraðslækni í vesturhéraði norður- og austurumdæmisins, um að honum verði veittur árlegur húsaleigustyrkur, svo sem jafngildi jarða þeirra, sem hinum tveim héraðslæknunum í amtinu eru fengnar til afnota, skal yður hærmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það hlutaðeiganda, að dómsmálastjórnin eigi sér sér fært að útvega honum húsaleigustyrk þann, er hann sækir um að fá.

69. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um hvort gufu-póstskipið skuli greiða hafnartoll, vatnstoll og hafnsögugjald í Reykjavík. 5. septbrm.

Eptir að stjórnarráðið með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, 17. júním. þ. á., hafði meðtekið álitsskjal bæjarfógetans og bæjarstjórnarinnar í Reykjavík um það, hvort gufupóstskipið Arcturus eigi að svara hafnartolli, vatnstolli og hinu fyrirskipaða gjaldi til hafnsögusjóðsins þar í kaupstaðnum, hefir stjórnarráðið í dag ritað þeim Koch og Henderson, útgjörðarmönnum gufuskipsins, að skip þetta geti um eptirkomandi tíma ekki orðið undanþegið álögum þessum.